Börkur Sigurbjörnsson

# Frelsi

örsaga

Urban Volcano

Frelsi
Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

**http://urbanvolcano.net/**

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.







# Frelsi

Við ókum yfir sléttuna sunnan við brasilíska frumskóginn — bílstjóri, fararstjóri og fjórir ferðamenn. Við skimuðum í allar áttir í leit að stóra vinningnum.

„Ssss,“ sagði fararstjórinn allt í einu og benti út í fjarskann. Við hin fylgdum bendingu hans niður með ánni og yfir á bakkann hinum megin árinnar. Bílstjórinn hægði á ferðinni og ók varlega meðfram árbakkanum.

Ég mundaði myndavélina og beindi linsunni yfir ána. Jeppinn stoppaði og ég smellti af. Ég lét myndavélina síga og horfð-

ist í augu við stóru kisulóruna — jagúarinn — sem stóð tignarleg á bakkanum hinum megin árinnar.

Ég dró andann djúpt og fann frelsistilfinningu fara um líkamann. Þetta var nákvæmlega það sem ég hafði verið með í huga þegar ég ákvað fyrir mánuði síðan að segja upp vinnunni og leita á vit ævintýranna.

# Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftar en ekki byggðar á sönnum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

## Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)
Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)
52 augnablik, örsagnasafn (2017)
999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson
Urban Volcano